

Markaðssetning áburðar:

# Hrein efni eða sýrlingar (oxíð)

Nú eru áburðarsalar á fullu við að selja vörur sínar. Þá vakna spurningar um söluaðferðir og hvernig kynna má áburðinn. Sérstök vafamál þar er hvernig efnainnihald er kynnt fyrir kaupendum.

Þar er einkum villandi á hvaða formi efnainnihald áburðarins er gefið upp, hvort það er gefið upp sem hrein efni eða sýrlingar (oxíð). Það skiptir öllu máli þegar bóndi áætlar áburðarþörf til sinnar ræktunar.

Í 6. gr. reglugerðar 630/2007 sem innleiddi áburðarreglugerð ESB kemur fram að heimilt er að nota bæði hlutföll hreinnna efna og sýrlinga í kynningum og merkingum á áburði. Eina efnið sem er alltaf gefið upp sem hreint efni er köfnunarefni (N). Seljanda er skylt að greina frá hvort kynningar á efna-innihaldi áburðar miðast við hrein efni eða sýrlinga. Hér verða gefnar

þær reikniformúlur þegar hrein efni eru reiknuð frá sýrlingum:

1. Fosfór (P) = Fosfórpentoxíð ( $P_2O_5$ )  $x$  0,436
2. Kalí (K) = Kalíoxíð ( $K_2O$ )  $x$  = 0,83
3. Kalsíum (Ca) = Kalsíumoxíð ( $CaO$ )  $x$  0,175
4. Magnésíum (Mg) = Magnésíumoxíð ( $MgO$ )  $x$  0,603
5. Natríum (Na) = Natríumoxíð ( $Na_2O$ )  $x$  0,742
6. Brennisteinn (S) = Brennisteinsþríoxíð ( $SO_3$ )  $x$  0,400

Þannig að sé gefið upp innihald fyrir fosfórpentoxíð ( $P_2O_5$ ) 10% er hlutfall hreins fosfórs P 4,36% í áburðinum og sé kalíoxíð ( $K_2O$ ) gefið upp 10% í áburðinum er hlutfall hreins kalís 8,3% í áburðinum.

**Valgeir Bjarnason,**  
fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun